


„SÓLARLAG“





Ása Ólafsdóttir Morgunblaðið/KGA

„SVART FJALL“



hitti hann, sem var hálfu ári seinna, drifum við í að ganga frá skilnaði.“

Var hann þá ekki í Myndlista- og handíðaskólanum?

„Nei, nei. Ég frétti bara af þessum manni sem þurfti líka að gifta sig.“

Ása var 24 ára gömul þegar hún hóf nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Í árgangi hennar voru 25 nemendur, þar á meðal Magnús Kjartansson, Kolbrún Björgúlfsdóttir (Kogga), Helgi Vilberg, sem nú er skólastjóri Myndlistarskólans á Akureyri og Steinunn Bergsteinsdóttir. „Þetta var ægilega skemmtilegur árgangur,“ segir Ása, „og það var strax mikil samstaða í árganginum; mikið um gleði og alls konar uppátæki — mikið spilað og sungið. Áskell Másson var með okkur í byrjun og hann spilaði á trommur — aðrir á gítar. En það var líka unnið vel og töluverð samkeppni milli einstaklinga í bekknum.“

Ása var tvö ár í textíldeildinni og útskrifaðist þaðan vorið 1973. Þá eignaðist hún sinn fyrsta vefstól og fór strax að vefa sjálfstætt. „En 1976 hélt ég til Svíþjóðar og var þar í tvö ár við framhaldsnám. Eftir það var ég með vinnustofu þar, ásamt fimm öðrum textíllistamönnum. Það var alveg ofsalega gott að vinna og lifa í Svíþjóð og ég var með vinnustofuna í fimm ár. En síðustu árin trylltist ég alveg af heimþrá.

Ég var búin að hafa mjög mikla heimþrá þegar ég dreif mig loksins heim. Svíarnir voru farnir að pirra mig. Ég var alltaf að bera þá saman við Íslendinga. En eftir á met ég þá mjög mikils. Ég gæti hugsað mér að skreppa þangað með sýningu; vera þar í svona tvo mánuði, en ekki búa þar. Ég vil vera hér.“

Hvar kemur dóttir þín, Tinna, inn í þessi ferðalög?

„Já. Hún varð bara til. Alveg prívat og er yndisleg að eiga.“

Ása hefur haldið sjö einkasýningar; á Kjarvalsstöðum 1981, Norðurlandahúsinu í Færeyjum 1983, Listmunahúsinu 1983, Gallerí Kongelf í Svíþjóð 1984, Galleri Borg 1985, Hafnarborg — Hafnarfirði 1985 og Gallerí Hallgerði 1986. Árið 1982 var hún þátttakandi í hópsýningu í Bandaríkjunum í tengslum við Scandinavian Today. Þar var haldin sýning á verkum átta sænskra samtímavefara í Nordic Heritage Museum í Seattle. Í grein sem birtist í The Seattle Times, 15. september 1982, er Svíum hrósað fyrir einn besta vefnað í heimi, efnisþekkingu og vönduð vinnubrögð í myndvefnaði. Sem dæmi um allt þetta er Ása Ólafsdóttir nefnd sérstaklega og hin margbrotnu verk hennar „Destination Valhalla“ og „The Trap“.

Ása lauk Svíþjóðardvöl sinni með því að halda einkasýningu í Galleri Kongelf í mars 1984. Sigun Melander segir í Göteborgs-Posten 17. mars 1984: „Ása Ólafsdóttir er Íslendingur og ætlar nú, eftir átta ár í Svíþjóð að flytjast aftur til heimalandsins. Með henni missum við hæfileikaríkan textíllistamann sem sameinar vandað handbragð norrænni frásagnarhefð og skapandi myndgleði.“ Um sýninguna segir hún, meðal annars: „Það er nútímaleg, þróttmikil textíllist sem ómar af sögu og sögnum.“

Frá því Ása fluttist heim hefur hún stundað myndlist sem fullt starf, með höfuðáherslu á vefnaðinn. Hún hefur kennt myndvefnað í Myndlista- og handíðaskólanum; eina önn á hverjum vetri. Hún er virk í félagsstörfum í þágu myndlistar; er í starfshópi fyrir Norræna textíltriennalinn og hefur verið valin í dómnefndarstörf fyrir triennalinn af Íslands hálfu. Hún er í nefnd fyrir Norræna myndlistarbandalagið og formaður sýningarnefndar FÍM.

Myndefni Ásu er mjög persónubundið. „Það sem maður vill koma á framfæri verður að koma innan frá. Vinna við myndlist er tjáning og speglar það sem myndlistarmaðurinn er að hugsa. Stundum er það bara tilfinningin sem kemur fram,“ segir hún.

Hvað segja landslagsmyndir um tilfinningar?

„Mynd er mynd og orð eru orð. Ef við tökum „Svartafjall“ sem dæmi, þá geymir hún eldingu í regnbogalitum. Eldingin er kraftur og regnboginn er óskin og þetta er alveg nátengt því sem ég vildi með sjálfa mig. Það er að fá uppfyllta ósk og fá kraft til að uppfylla hana. Þannig að mér finnst verkin vera eins og hluti af mér. En aðrir skynja örugglega eitthvað annað þegar þeir horfa á myndina.“

Í sýningarskrá fyrir Kjarvalsstaðasýninguna núna segir þú: Að baki er dauðinn, framundan lífið. Hvað meinarðu og hvað kemur þetta myndum þínum við?

„Dauði tilfinninga og framundan nýtt líf, nýjar tilfinningar. Mér finnst þessi sýning eitthvað eins og endurfæðing. Þetta eru ný form. Mér finnst ég hafa lært svo mikið að ég geti alveg farið að hugsa marga hluti upp á nýtt. Þessi sýning fjallar um það að setja kraft í óskir sem eiga að rætast.“

Þú hefur ofið rúnaletur í eina myndina á sýningunni. Hvers vegna?

„Mér fannst svo spennandi að geta sagt eitthvað sem enginn mundi skilja — nema þeir sem færu í Macintosh-forritið sitt að tékka á því. Þegar ég var að skissa fann ég fyrir mjög sterkri löngun til að skrifa ljóð. En ég er ekki vön að skrifa ljóð. Þetta er ekki ljóð. Þessi ljóð sem mig langaði að skrifa urðu að nokkrum orðum í mynd.“

Með hvaða efni vinnurðu?

„Ég vinn úr ull, mohair og höri. Það sem er kannski nýtt í þessu hjá mér er mohair og að ég tvinna saman mohair og hör og snældu. Það pirrar mig stundum að geta ekki keypt það efni sem mig vantar, en þá er bara að búa það til. Svo lita ég allt garnið sjálf. Ég lita mjög lítið magn af hverjum lit, en nota mjög mörg litbrigði. Þetta er svona gangandi prósess á eldavélinni.

Ég er alltaf að teikna.

Taka fram garn; hart garn, mjúkt garn, þukla á því með höndum og augum.

Tvinna saman marga fína loðna þræði á snældu og leggja harðan hör með.

Vinda bandið upp í hespur og lita þær, gera þær að þoku og myrkri.

Búa til uppistöðu. Þræða í skeið. Setja uppistöðuna í vefstólinn.

Þræða hvern þráð í hafald og tönn, hnýta fram og spenna.

Klippa vefinn úr stólnum, flétta þræði, spenna myndina, úða hana með vatni, láta þorna.

Festa borða, kaupa spýtur, saga í lengdir. Rúlla verkinu upp, pappír utanum, setja myndina hjá hinum uppá skápinn.

Byrja svo aftur.“

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir